



# ÁRSSKÝRSLA 2021 GLÆÐUM GRÍMSEY

Byggðapróunarverkefnið Brothættar byggðir



BYGGÐASTOFNUN



Akureyrarbær

 SSNE

## Efnisyfirlit

|   |    |
|---|----|
| Inngangur .....   | 2  |
| Meginniðurstöður .....                                    | 2  |
| Markmið og tilgangur verkefnis í Brotthættum byggðum..... | 3  |
| Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn .....                  | 3  |
| Yfirlit yfir styrkt verkefni .....                        | 9  |
| Íbúafundir og fundir verkefnisstjórnar .....              | 10 |
| Hugleiðingar verkefnisstjóra .....                        | 10 |

*Forsíðumynd: Konráð Svafarsson.  
Ljósmyndina tók Arna Björg Bjarnadóttir.  
Árskýrslu ritaði Arna Björg Bjarnadóttir.*

## Inngangur

Verkefnið *Glæðum Grímsey* (GLG) er hluti af verkefnum Brothættra byggða undir stjórn Byggðastofnunar. Verkefnið hófst árið 2015. Í byrjun maí 2016 var haldið tveggja daga íbúáþing í Grímsey og var metþátttaka, en nær allir fullorðnir Grímseyingar sóttu þingið. Þá var grunnskólinn heimsóttur og rætt við nemendur. Á þinginu var sett sú framtíðarsýn sem unnið hefur verið eftir allar götur síðar. Hún hefur að geyma þrjú meginmarkmið. Undir hverju markmiði eru nokkur starfsmarkmið. Á fyrsta íbúáþinginu voru þau 33 talsins. Á íbúafundum eftir það hefur starfsmarkmiðum fjölgað og nokkur verið umorðuð.

Frá upphafi hefur starfað verkefnisstjórn. Hún er nú skipuð fulltrúum frá hagaðilum sem eru íbúar, Byggðastofnun, Akureyrarbær og SSNE. Verkefnisstjórn vinnur í nánu samstarfi við verkefnisstjóra. Við verkefnið hafa starfað frá upphafi þrír verkefnisstjórar. Verkefnið hefur tvívegis verið framlengt, fyrst um eitt ár, til loka 2020 og síðan um tvö ár. Verkefninu mun ljúka í árslok 2022, nema það verði áfram framlengt í ljósi stöðunnar í Grímsey.

## Meginniðurstöður

Á vordögum 2021 samþykkti Byggðastofnun, að beiðni Akureyrarbæjar og íbúa, að framlengja verkefnið *Glæðum Grímsey* um tvö ár, en því hefði að óbreyttu lokið formlega í lok árs 2020. Ríkisstjórn Íslands hafði þá fjallað um erindi Akureyrarbæjar og lagt til að verkefnið yrði framlengt. Í ágúst 2021 var síðan nýr verkefnisstjóri ráðinn til starfa, í 50% stöðugildi. Í ljósi þess hve langt var liðið á árið var ákveðið að fresta úthlutun úr Frumkvæðissjóði Brothættra byggða til ársins 2022. Fjármagni til úthlutunar 2021 og 2022 var því rennt saman í einn pott. Auglýst var eftir umsóknum í árslok 2021 og úthlutað í ársbyrjun 2022.

Árið 2021 var óvenjulegt að mörgu leyti þar sem heimsfaraldur herjaði og þegar litið er til verkefnisins þá var það án verkefnisstjóra stærri hluta ársins. Verkefnisstjórn tókst þó að koma á íbúafundi í Grímsey á vordögum og annaðist fráfarandi verkefnisstjóri undirbúning. Á honum bættust við nokkur ný starfsmarkmið. Af fundinum fóru fulltrúar Akureyrarbæjar heim með ýmsar óskir frá íbúum sem snéru að sveitarfélaginu.

Sá óvænti atburður átti sér stað í Grímsey að kvöldi 21. september að Miðgarðakirkja brann til grunna ásamt öllum verðmætum. Daginn eftir brunann komu íbúar saman á íbúafundi og ákváðu að ný kirkja skyldi rísa. Verkefnisstjóri var þá í eyjunni og hefur verið sóknarnefnd innan handar við skipulag og framkvæmd verkefnisins frá þeim degi.

Helstu hagsmunamál Grímseyinga snúa að atvinnu- og samgöngumálum. Í því felst að tryggja áframhaldandi úthlutun á aflamarki, opna fyrir nýliðun í sjávarútvegi og stuðla að uppbyggingu á sjálfbærri ferðaþjónustu. Samgöngur þarf að bæta og tryggja samninga sem að þeim lúta til lengri tíma. Nauðsynlegt er að koma upp nýrri farþegaferju til Grímseyjar, en sú gamla stenst vart kröfur um nútíma fólksflutninga. Einnig þarf að fjölga flugferðum á sumrin, en eingöngu er flogið 2x í viku til Grímseyjar yfir sumartímamann en 3x á veturna. Þess utan er afar áriðandi að halda orkuskiptum, sem nú eru hafin, áfram í sátt við íbúa og umhverfi.

Á árinu var leitast við að efla frumkvæði eyjaskeggja og brottfluttra til uppbyggingar atvinnulífs og samfélags. Í lok árs voru ýmis ný verkefni í mótun. Einnig var áhersla lögð á að kynna Grímsey fyrir háskólum og stoðstofnunum í þeim tilgangi að kveikja áhuga þeirra á verkefnum sem styðja eða undirbyggja starfsmarkmiðin í Glæðum Grímsey. Nú eru í mótun rannsóknarverkefni á vegum háskóla og stoðstofnana. Þau eru á sviði ferðapjónustu og fornleifarannsóknna. Verði verkefnin að veruleika koma þau til með að styðja við stefnumótun í ferðapjónustu, skapa efnivið til miðlunar sögu- og menningu Grímseyjar, sem og til markaðssetningar á eyjunni. Heimamenn, brottfluttir og fyrrnefndir rannsóknaraðilar hafa verið nokkuð ötulir við að sækja um styrki í ýmsa sjóði fyrir verkefni í Grímsey, með misjöfnum árangri eins og gengur og gerist. Nú er beðið eftir niðurstöðum úr nokkrum sjóðum. Þess ber að geta að Framkvæmdasjóður ferðamannastaða veitti stuðning að upphæð 13,2 m.kr til uppbyggingar á salerni í eyjunni, en um er að ræða afar mikilvægt verkefni þegar kemur að uppbyggingu innviða í ferðapjónustu. Þess ber að geta að aðeins 3% af styrkveitingum úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða fór á Norðurland Eystra, eða 2 styrkir.

Á árinu var lögð áhersla á að bera jákvæðar fréttir frá Grímsey.

## Markmið og tilgangur verkefnis í Brothættum byggðum

Verkefnið byggir á verkefnislýsingu sem unnin hefur verið á vegum Byggðastofnunar fyrir verkefnið Brothættar byggðir. Meginmarkmið verkefnisins er að stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og í sveitum landsins. Sérstaða verkefnisins er fólgin í virkri þátttöku íbúa og víðtæku samstarfi stjórnkerfis og stoðstofnana við viðkomandi samfélag. Í hverju verkefni, það er hverri brothættri byggð, er mótuð skýr framtíðarsýn, markmið og verkefnastofn og unnið samkvæmt áfangaskiptu verklagi Brothættra byggða. Verkefni sem sett voru fram fyrir Grímsey eru afrakstur íbúabings, íbúafunda, vinnu verkefnisstjórnar og verkefnisstjóra. Meginmarkmiðin eru þrjú ásamt undirflokkum sem eru sértæk starfsmarkmið.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir meginmarkmiðum og starfsmarkmiðum. Þau verkefni sem ákveðið var að vinna að á íbúafundi og síðar á íbúafundum frá því að GLG verkefnið hófst eru metin eftir stöðu þeirra. Um er að ræða huglægt mat verkefnisstjóra.

## Verkefnisstjóri og verkefnisstjórn

Í verkefnisstjórn Glæðum Grímsey sitja tveir fulltrúar frá sveitarfélagi, tveir frá Byggðastofnun, tveir frá íbúum og einn frá SSNE. Með stjórn starfar verkefnisstjóri í 50% starfi. Hann er með starfsaðstöðu á skrifstofu SSNE á Akureyri, en sækir Grímsey reglulega heim, eða eins og fjárheimild gefur tilefni til. Frá haustinu 2021 fundaði verkefnisstjórn á mánaðarfresti.

### Í núverandi verkefnisstjórn Glæðum Grímsey sitja eftirfarandi aðilar:

- Halla Björk Reynisdóttir, fulltrúi Akureyrarbæjar. Halla er formaður verkefnisstjórnar.



- Gunnar Gíslason, fulltrúi Akureyrarbæjar og samtaka sveitarfélaga, SSNE.
- Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingur hjá Byggðastofnun.
- Helga Harðardóttir, sérfræðingur hjá Byggðastofnun.
- Karen Nótt Halldórsdóttir, fulltrúi íbúa í Grímsey.
- Jóhannes Henningsson, fulltrúi íbúa í Grímsey.
- Anna Lind Björnsdóttir, verkefnisstjóri hjá SSNE.

Nýr verkefnisstjóri var ráðinn í byrjun ágúst 2021, sem er Arna Björg Bjarnadóttir. Á fyrri hluta árs var ekki starfandi verkefnisstjóri en Karen Nótt Halldórsdóttir var verkefnisstjórn innan handar.

Verkefnisstjórn koma á því vinnulagi í ágúst 2021 að funda einu sinni í mánuði – fyrsta mánudag hvers mánaðar. Það hefur gefist vel.

## Meginmarkmið og starfsmarkmið byggðalags - stöðumat

Hér að neðan er að finna skýringar á stöðu hvers starfsmarkmiðs sem íbúar hafa komið sér saman um.

| Meginmarkmið 1: Traustur grunnatvinnuvegur       |    |     |     |     |      |   |
|--|----|-----|-----|-----|------|---|
| Starfsmarkmið                                    | 0% | 25% | 50% | 75% | 100% | Skýringar   |
| 1.1: AÐ TRYGGJA AFLAMARK TIL NÆSTU ÁRA           |    |     |     |     |      | Sértæki byggðakvótinn er tryggður út fisveiðiárið 2024.   |
| 1.2: AÐ STYRKJA NÝLIÐUN Í SJÁVARÚTVEGI           |    |     |     |     |      | Fundur með Byggðastofnun þar sem sjónarmiðum og tillögum að breyttum "kríteríum" við úthlutun var komið á framfæri. Skipaður hópur úr verkefnisstjórn til að taka málið lengra.   |
| 1.3: EFLA FRUMKVÖÐLA- OG NÝSKÖPUNARSTARFSEMI     |    |     |     |     |      | Til ársins 2021 var nýsköpunar- og frumkvöðlastarf aðalega styrkt úr Frumkvæðissjóði GLG. Í lok árs voru nokkur ný verkefni í farvatninu sem hugðust sækja um í Frumkvæðissjóðinn (nb. engin úthlutun 2021.) og í aðra sjóði. |
| 1.4: FERÐAMENN Í RÓÐRA                           |    |     |     |     |      | Lokið en árangurs. Þessi möguleiki var kannaður en vegna kostnaðar við tryggingar var þessi leið ekki farin.  |
| Meginmarkmið 2: Samheldið og þróttmikið samfélag |    |     |     |     |      |   |
| Starfsmarkmið                                    | 0% | 25% | 50% | 75% | 100% | Skýringar   |
| 2.1 AFSLÁTTUR Í FERJU OG FLUG                    |    |     |     |     |      | Kominn er afsláttur af flugfargjöldum fyrir íbúa í  |

|  |  |  |  |  |  |  |
|--|--|--|--|--|--|--|
|  |  |  |  |  |  | Grímsey. Haustið 2021 var óvissa með útboð á flugi Ak-Gri-Ak og flugleið. Sjónarmiðum var komið á framfæri á fundi með forsætisráðherra. Niðurstaðan varð að flug til Grímseyjar var tryggt áfram. Ekki reynist unnt að fá afslátt á flutningi í ferjuna Sæfara. |
| 2.2 (UPPFÆRT 2020 OG 2021): FJÖLGA FERÐUM SÆFARA OG TRYGGJA FJÖLDA Í ÚTBOÐI  |  |  |  |  |  | Ferðum ferjunnar fjölgaði eftir að nýr samningur vegna ferjusiglinga tók gildi 2018. Komið hefur verið á samtali við vegagerðina og ósk um að Grímseyingar eigi beina aðkomu að þeim samningi (mars 2022)  |
| 2.3: BÆTT GSM-SAMBAND OG AIS TILKYNNINGARKERFI   |  |  |  |  |  | Símsamband batnaði með nýjum búnaði sem settur var upp 2016 og 2017. AIS kerfið (staðsetningarkerfið) er óbreytt og er enn í ólagi Skipin detta út. Mila/Landhelgisgæslan hafa með þetta að gera.  |
| 2.4: KOMA Á SAMSTARFI UM ORKUSKIPTI  |  |  |  |  |  | Samstarf hafið og orkuskipti hafin. Kynningarfundur var í september 2021.  |
| 2.5: FRÁVEITUMÁL   |  |  |  |  |  | Lokið. Norðurorka setti upp rotþrær 2021.  |
| 2.6 (ENDURBÆTT 2021): GATNA- OG VEGAGERÐ   |  |  |  |  |  | Listi yfir viðhaldspörf er kominn til Akureyrarbæjar. Norðurorka fyllti upp í einhverjar holur á götunni um leið og rotþrærnar voru settar.  |
| 2.7 (NÝTT 2019): ÍBÚÐARHÚSNÆÐI. Farið verði í greiningu á húsnæðiskosti Grímseyjar og það skoðað hvort raunhæft sé að bærinn kaupi laust húsnæði. Laust húsnæði væri hægt að nýta til að koma á fót vinnustofum eða aðsetri fyrir listamenn. |  |  |  |  |  | Verkefni ekki hafið.   |

|  |  |  |  |  |   |
|--|--|--|--|--|---|
| 2.8: VIÐTALTÍMAR<br>BÆJARFULLTRÚA – Á<br>EKKI LENGUR VIÐ         |  |  |  |  | Verkefni í raun lokið.<br>Sveitarfélagið telur viðtalstíma í raun aðgengilega fyrir alla í gegnum síma, þ.e. að allir hafi jafnan aðgang að bæjarfulltrúunum.   |
| 2.9: HREINSUNARÁTAK  |  |  |  |  | Hreinsunarátak hafið á iðnaðarsvæði. Þegar búið að bæta umhverfi gámasvæðis við höfnina.  |
| 2.10: GÁMASVÆÐI OG FLOKKUN                                       |  |  |  |  | Búið er að bæta töluvert umhverfi gámasvæðis og endurvinnslan er sýnilegri fyrir gesti og gangandi.   |
| 2.11: HÁVAÐAMÆLING OG HLJÓÐVARNIR                                |  |  |  |  | Lokið. Þetta var bætt með endurnýjun rafstöðvar 2019. Áfram þarf þó að mæla hljóðvist reglulega.  |
| 2.12: ÚTTEKT Á MÚLA VEGNA VIÐHALDS                               |  |  |  |  | Listi yfir nauðsynlegt viðhald hefur verið komið til sveitarfélagsins. Brýn viðhaldsþörf er t.d. á félagsheimilinu Múla.  |
| 2.13: GRÍMSEYJARSKÓLI OG SAMSTARF – Á EKKI LENGUR VIÐ            |  |  |  |  | Vegna barnfæðar er ekki grundvöllur fyrir skólastarfi eins og er.   |
| 2.14: GRÍMSEYJARSKÓLI – KENNSLUKFYRIRKOMULAG – Á EKKI LENGUR VIÐ |  |  |  |  | Vegna barnfæðar er ekki grundvöllur fyrir skólastarfi eins og er.   |
| 2.15: ENDURNÝJA ÚTISVÆÐI VIÐ SKÓLA                               |  |  |  |  | Ærslabelgur var settur upp 2017.  |
| 2. 16: FJÖLGA TÓMSTUNDUM FYRIR BÖRN                              |  |  |  |  | Á sumrin vantar ekki tómsundur fyrir börn, en ef skóli væri starfræktur í Grímsey þyrfti að huga að þessum þætti.   |
| 2. 17: FJÖLGA FRÆÐSLU- OG TÓMSTUNDANÁMSKEIÐUM FYRIR ÍBÚA         |  |  |  |  | Fyrrum verkefnisstjóri setti sig í samband við ýmsa aðila sem telja að Grímsey ein og sér sé of lítill markaður til námskeiðshalds. Bent hefur verið á sífellt meira úrval af fjarnámskeiðum af ýmsum toga. Kvenfélagið og Kiwanisklúbburinn hafa keypt |

|   |  |  |  |  |  |
|---|--|--|--|--|--|
|   |  |  |  |  | námskeið fyrir félagsmenn og aðra íbúa af og til.  |
| 2.18: BETRI OG JAFNARI LÆKNISÞJÓNUSTA                         |  |  |  |  | Engin breyting er fyrirhuguð á heimsóknum læknis til Grímseyjar. Læknir kemur til eyjarinnar á u.þ.b. þriggja vikna fresti.  |
| 2.19: HEILSUGÆSLA Í FJARÞJÓNUSTU                              |  |  |  |  | Þetta er að breytast með tíð og tíma og eftir því sem tækninni fleygir áfram. Nú þegar er hægt að nálgast ýmsa þjónustu í gegnum vefinn, ss. Heilsuvera, þjónustu sálfræðinga og annað. Breytingar eiga eftir að verða hraðari á næstu árum og hafa margar þegar orðið nú í heimsfaraldri. |
| 2.20 (NÝTT 2019 OG 2021): SKATTAAFSLÁTTUR                     |  |  |  |  | Þessum sjónarmiðum hefur verið komið á framfæri við stjórnvöld. Á Íslandi ríkir eitt skattakerfi. Að mati verkefnisstjórnar er þetta nær ógerlegt að óbreyttu.   |
| STARFSMARKMIÐ 2.21 (NÝTT 2019): SKÓLAHEIMSÓKNIR OG SKÓLABÚÐIR |  |  |  |  | Hugmyndinni hefur verið komið á framfæri til bæjaryfirvalda.   |
| 2.22 (NÝTT 2019): JARÐEFNAELDSNEYTISLAUS GRÍMSEY ÁRIÐ 2030    |  |  |  |  | Orkuskipti í Grímsey eru hafin   |
| 2.23 (NÝTT 2019): LED-VÆÐING.                                 |  |  |  |  | Búið er að skipta yfir í LED perur í öllum götuljósum sem gefur betri lýsingu. Tengist orkuskiptaverkefninu.   |
| 2.24 (NÝTT 2019): STÖRF ÁN STAÐSETNINGAR                      |  |  |  |  | Í Grímsey er eitt starf án staðsetningar (þjóðskrá). Fyrirhugað er að setja upp starfsaðstöðu fyrir störf án staðsetningar.  |
| 2.25 (NÝTT 2021): TRYGGJA TÍÐARI FLUGSAMGÖNGUR                |  |  |  |  | Í vinnslu  |
| 2.26 (NÝTT 2021): KÖNNUN Á VÍÐTÆKARI ATVINNUTÆKIFÆRUM         |  |  |  |  | Í vinnslu  |
| <b>Meginmarkmið 3: Einstakur staður</b>                       |  |  |  |  |  |



| Starfsmarkmið   | 0% | 25% | 50% | 75% | 100% | Skýringar  |
|---|----|-----|-----|-----|------|--|
| 3.1: INNVIÐIR<br>FERÐAÞJÓNUSTU – ÚTTEKT                   |    |     |     |     |      | Úttekt hafin í samráði við Akureyrarstofu. Í undirbúningi er samstarfsverkefni GLG, Háskólans á Hólum og Rannsóknamiðstöðvar ferðamála sem felur m.a. í sér könnun meðal ferðamanna um hvaða innviði þarf að bæta. Styrkur fyrir salerni við Miðgarða fékkst úr Framkvæmdasjóði Ferðamannastaða. |
| 3.2 (ENDURTEKIÐ 2021):<br>SÉRТАÐА ТIL<br>MARKAÐSSETNINGAR |    |     |     |     |      | Vinna hafin við að skilgreina betur sérstöðu Grímseyjar.   |
| 3.3: MERKI (LOGO)   |    |     |     |     |      | Skiptar skoðanir um þetta. Kannski eru útlínur eyjarinnar bara logo í sjálfu sér enda mikið notaðar af öllum framleiðendum í Grímsey. Nýtt logo var hannað á fyrstu stigum verkefnisins sem sáralítið hefur verið notað.   |
| 3.4: AÐ SKILGREINA<br>NOTKUN Á MERKI (LOGO)<br>GRÍMSEYJAR |    |     |     |     |      | Hefur ekki verið rætt mikið frekar en útlínur eyjarinnar virðast vera að ná fótfestu sem „merki eyjarinnar“.   |
| 3.5: ÞRÓА MINJAGRIPI                                      |    |     |     |     |      | Margar hugmyndir og útfærslur að minjagripum hafa verið þróaðar og líka fengið styrk úr sjóðum Glæðum Grímsey meðan á verkefninu hefur staðið.   |
| 3.6: EFLA<br>FERÐAÞJÓNUSTU, AMK<br>EITT NÝTT FYRIRTÆKI    |    |     |     |     |      | Nefna má bæði ArcticTrip og starfsemi Hugins ehf sem nýja ferðaþjónustuaðila í Grímsey. Bæði fyrirtæki hafa fengið styrk frá Framkvæðissjóði GLG.  |
| 3.7 (ENDURTEKIÐ 2021):<br>FUGLASKOÐUNARSTAÐUR             |    |     |     |     |      | Sótt var um styrk í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða en verkefnið hlaut ekki styrk. Einstaklingur fékk styrk fyrir þessu verkefni úr Framkvæðissjóði GLG. Verkefnið hófst aldrei og styrk var skilað 2021. Skiptar skoðanir eru meðal Grímseyinga um uppbyggingu fuglaskoðunarhúss.                |

|   |  |  |  |  |   |
|---|--|--|--|--|---|
| 3.8: AÐ SETJA UPP SÝNINGU UM FISKE                          |  |  |  |  | Sýningin var sett upp á flugvellinum og opnaði formlega 11. nóvember 2021.  |
| 3.9: FORNAR MINJAR  |  |  |  |  | Í undirbúningi er verkefni í samstarfi við Fornleifastofnun Íslands og fleiri aðila. Í lok árs var sótt um stuðning til Minjastofnunar til að hlaða upp Gvendarbrunn og til húsaskráningar. |
| 3.10: DEILISKIPULAG HAFNARSVÆÐIS                            |  |  |  |  | Til skoðunar  |
| 3.11 (ENDURTEKIÐ 2021): MERKINGAR OG AÐSTAÐA Á FERJUBRYGGJU |  |  |  |  | Akureyrarstofa hefur látið útbúa skilti sem bíða uppsetningar   |
| 3.12 (NÝTT 2019): AUKIÐ FRAMBOÐ AÐPREYINGAR                 |  |  |  |  | Ferðabjónustufyrirtæki hafa fyrirætlan um aukið framboð að loknu Covid-faraldurs.   |
| 3.13: MIÐASALA Í FERJU Á DALVÍK AÐGENGILEGRI                |  |  |  |  | Lokið. Miðasalan fer fram á netinu. Auðvelt er að panta beint í farsímanum.   |
| 3.14: SLÓÐI Á FÓT (NÝTT 2021)                               |  |  |  |  | Ekki er samstaða meðal Grímseyinga um hvort lagfæra eigi slóðann út á Fót eða hvernig.  |
| 3.15 HÆTTA AÐ FÆRA KÚLUNA (NÝTT 2021)                       |  |  |  |  | Til skoðunar  |
| 3.16 NÝ FERJA (NÝTT 2021)                                   |  |  |  |  | Til skoðunar  |

## Yfirlit yfir styrkt verkefni

Verkefnisstjórn ákvað haustið 2021 að heppilegast væri að fresta úthlutun úr sjóðnum til 2022 og tvöfalda þannig fjárhæð til úthlutunar, þ.e. fyrir úthlutunarárin 2021 og 2022, auk fjármagns sem kom til endurúthlutunar. Það verður síðasta úthlutun úr sjóðnum í verkefninu GLG, en verkefninu lýkur í lok árs 2022.

Umsóknarferlið fór þó af stað haustið 2021, en þá var auglýst eftir umsóknum í Frumkvæðissjóð Glæðum Grímsey (Brothættra byggða), með umsóknarfresti 24. nóvember 2021. Í upphafi árs 2022 verður úthlutað úr sjóðnum líkt og áður segir. Gerð verður grein fyrir verkefnum sem hljóta munu stuðning í næstu *skýrslu byggðalags í BB 2022*.

Verkefnisstjóri kynnti styrkjamöguleika í aðra sjóði og hvatti íbúa og aðra sem vilja vinna verkefni í Grímsey til að sækja um. Frá Grímsey barst nokkuð af umsóknum í ýmsa sjóði, en aðeins hluti þeirra hlaut brautargengi. Fengnir styrkir voru þessir:

### **Framkvæmdasjóður ferðamannastaða:**

- Snyrtiaðstaða við Miðgarða í Grímsey. Umsækjandi: Miðgarðakirkja (13.200.000)

### **Uppbyggingarsjóður Norðurlands eystra**

- Grimsey Design, Umsækjandi: May Flor Perez Cajés (385.000)
- Kirkjan sem var (sýning), umsækjandi: Miðgarðakirkja. (1.000.000)

### **Menningar- og viðurkenningarsjóður KEA**

- Uppbygging Miðgarðakirkju. Umsækjandi: Miðgarðakirkja (500.000)

Miðgarðakirkja hlaut hæstu styrkina. Hafa skal í huga að byggingin er fjölnota og með henni fá Grímseyingar, auk kirkju, fagurt og vel tækjum búið menningar- og tónlistarhús. Auk þess sem við kirkjuna er byggt salerni með séraðgengi fyrir alla. Með því er verið að leysa úr brýnni þörf fyrir salerniaðstöðu fyrir ferðamenn.

*Ath. aðeins eru hér tilgreindir styrkir frá sjóðum sem voru með auglýsta umsóknarfresti, en ekki sérstækur stuðningur til kirkjunnar frá fyrirtækjum, félagasamtökum og einstaklingum.*

## **Íbúafundir og fundir verkefnisstjórnar**

Verkefnisstjórn boðaði til íbúafundur í maí 2021. Auk íbúa mættu fulltrúar úr verkefnisstjórn GLG. Í október, eftir að ráðið var í starf verkefnisstjóra var haldinn einn almennur íbúafundur og kynning á atvinnu- og nýsköpunarsjóðum. Í september hélt Vistorka í samstarfi við GLG íbúafund þar sem staða og næstu skref í orkuskiptum í Grímsey voru kynnt.

Auk þess voru haldnir fjórir íbúafundir vegna uppbyggingar nýrrar Miðgarðakirkju. Sú kirkja sem reist var í Grímsey 1867 brann til grunna að kvöldi 21. september 2021. Íbúar ákváðu strax að ný kirkja skyldi rísa. Strax í upphafi var verkefnisstjóri íbúum innan handar með verkefnið og stuttu fyrir jól samdi sóknarnefnd Miðgarðakirkju við verkefnisstjóra GLG um að stýra uppbyggingu hinnar nýju kirkju í hlutastarfi. Bygging kirkjunnar skarast við verkefnið GLG, en ákveðið var að kirkjan skyldi þjóna fjölpættu hlutverki þ.e. auk helgihalds yrði byggingin nýtt sem menningar-, sýningar- og tónlistarhús. Auk þess sem byggð yrðu við kirkjuna salerni með séraðgengi sem myndi leysa úr brýnni salernisþörf ferðamanna í eyjunni.

## **Hugleiðingar verkefnisstjóra**

Verkefnisstjóri lagði áherslu á að koma á persónulegu samtali við íbúa. Hann fór ófáar ferðir til Grímseyjar, sem hann telur hafa skipt miklu máli í upphafi ráðningartímans. Frumkvæði og kraftur er svo sannarlega til staðar hjá íbúum og þeir sækjast eftir atvinnuráðgjöf og handleiðslu. Samtakamáttur Grímseyinga kom í ljós við bruna Miðgarðakirkju. Grímeyingar komu saman í félagsheimilinu Múla kvöldið eftir að kirkjan brann og ákváðu þá strax að reisa nýja kirkju. Sú ákvörðun staðfestir að Grímseyingar hafa trú á framtíð eyjarinnar og vilja byggja

hana upp. Það sama kom út úr viðtölum sem fulltrúar sveitarfélagsins tóku við alla lögráða íbúa eyjarinnar 2018.

Sjávarútvegur er nauðsynleg forsenda byggðar í eyjunni, og í því samhengi þarf hið opinbera að finna leiðir til að auðvelda nýliðun. Til staðar eru tækifæri til að skapa meiri verðmæti úr sjávarfangi og fjölga þannig störfum, en nú fer fiskurinn beint á markað. Þá hefur verið rætt um að koma á bruggverksmiðju (landi, viskí, bjór) og að auka verðmæti úr sauðfjár- og geitaafurðum, sem og að nýta skarfakálið og fleira úr matarkistu Grímseyjar. Ferðapjónusta er önnur mikilvægasta atvinnugreinin í eyjunni og tækifæri til vaxtar eru mikil. Nauðsynlegt er þó að byggja upp innviði hennar s.s. með því að bæta samgöngur, þ.e. að fá nýja ferju og fjölga flugferðum. Þá eru forsendur fyrir fjölgun gistirýma fyrir ferðamenn og uppbyggingu á aukinni afþreyingu. Einnig vantar sárlega gistaðstöðu fyrir starfsfólk í ferðapjónustu.

Verkefnisstjóri telur afar mikilvægt að Grímsey njóti áfram handleiðslu við uppbyggingu atvinnulífs og samfélags, sem og að koma hagsmunamálum á framfæri til viðeigandi aðila. Á næstu árum, sértaklega þegar verkefninu Glæðum Grímsey sleppir, er því áriðandi að sveitarfélagið vinni náið með íbúum að uppbyggingu innviða og tali fyrir hagsmunum eyjarinnar við ríkisvaldið. Til mikils er að vinna enda er Grímsey einstök náttúruparadís og um að ræða einstakt eyjarsamfélag við heimskautsbaug.